

# Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali<sup>1</sup>

með skýringum

frá Katrínu Oddsdóttur og Pétri Gunnlaugssyni

Lagt fram á 16. fundi Stjórnlagaráðs, 13.7.2011

## Kafla um Alþingi

### 14. Staðfesting laga

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu <sup>2</sup>	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Annars vegar að felldar verði út þær efnislegu undantekningar sem er getið um í 3. mgr. 14. Hins vegar breyta fimm daga fresti í viku til samræmingar og fella út orðið „áður“ sem fresturinn felur í sér.	<p><i>Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.</i></p> <p><i>Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal lögin innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan <b>viku</b> frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.</i></p>	<p><i>Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi.</i></p> <p><i>Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal lögin innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin <b>áður</b> úr gildi innan <b>fimm daga</b> frá synjun forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.</i></p> <p><b><i>Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjáraukalög og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög</i></b></p>

<sup>1</sup> Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

<sup>2</sup> Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.



		<i><b><u>sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.</u></b></i>
--	--	---

### Skýring:

Málskotsréttur forseta skyldi vera ítrasti öryggisventill þjóðarinnar til að fá að ráða sjálf sínum málum og afstýra löggjöf sem meiri hluti kjósenda vill ekki að taki gildi. Sú upptalning sem er að finna í 3. mgr. tilagna B-nefndar um staðfestingu laga er afar víðtæk sé hún skoðuð efnislega, þannig falla flestar stórar ákvarðanir um framkvæmdir með beinum eða óbeinum hætti undir fjárlög eða skattamál. Þjóðréttarskuldbindingar má einnig túlka mjög vítt og gætu þessar undantekningar gert það að verkum að um málskotsrétturinn verður í raun óvirkur. Því væri rétt að fella út undantekningar í þessari grein.

Í annan stað er um ramræmingaratriði að ræða í kjölfar ábendingar Þorkels Helgasonar á ráðsfundi 13. júlí 2011.

Óþarft er að hafa orðið „áður“ inni þar sem fresturinn gefur til kynna að þetta gerist í ákveðinni röð.